

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 18. ágúst 2015 á Kjávöllum.

8. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Kristín Njálsdóttir, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj. Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir og Ólafur Blöndal boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Tekin fyrir drög að styrktarsamningi. Viðstaddir stjórnarmenn samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrögum og verða þau einnig kynnt fjarstöddum stjórnarmönnum. Samningur verður síðan afgreiddur rafrænt af öllum stjórnarmönnum fyrir næstu helgi.
3. Áhugamannadeildin 2016. Linda, Maggi og Sigurður Halldórsson sitja í undirbúningsnefnd fyrir næsta starfsár. Búið var sl. vor að auglýsa deildina fyrir næsta vetur og óska eftir umsóknum liða til þátttöku. Farið yfir þau lið sem sótt hafa um þátttöku, en fjögur pláss eru laus og munu sjö lið keppa um þau sæti. Haldinn verður blaðamannafundur 26. ágúst nk. og verður þá dregið um þátttöku á milli þessara sjö liða. Samtals verða 15 lið í deildinni í vetur og verða öll liðin kynnt á blaðamannafundinum.
4. Metamótið. Metamótsnefndin hefur undanfarið unnið að undirbúningi fyrir mótið og verður það fljótlega auglýst. Undirbúningur hefur gengið vel.
5. Aðalfundur - dagsetning. Ákveðin dagsetning fyrir aðalfundinn sem haldinn verður 25. nóvember kl. 20:00 í veislusal Sprettis.
6. Nefndarkvöld - dagsetning. Ákveðin dagsetning nefndarkvölds sem haldið verður 30. október í veislusal Sprettis.
7. Nefndir félagsins fyrir næsta vetur. Ákv. að halda fund með formönnum nefnda 10. október nk. kl. 10:00 í veislusal Sprettis. Á þeim fundi verður farið yfir starfið sl. vetur ásamt því að kanna almennt mönnun allra nefnda. Mönnun nefnda verður að vera klár fyrir aðalfund félagsins í nóvember.
8. Tiltektardagur í reiðhöll. Ákveðið að efna til almennrar tiltektar í reiðhöllinni 16. sept. nk. kl. 17:00. Nauðsynlegt að fá ca. 12-16 manna hóp Sprettsmanna og kvenna til verksins.
9. Kópavogur – fasteignagjöld. Lárus kynnti með bréfi frá Kópavogsbæ að niðurfelling á fasteignagjöldum væri í höfn.
10. Önnur mál.
 - Sprettur stóð fyrir Íslandsmóti í hestaíþróttum í júlí í sumar. Haldin voru tvö mót í einu, þ.e. bæði mótið fyrir fullorðna og fyrir börn, unglinga og ungmenni. Mótin fóru fram á tveimur völlum í einu þannig að í nógu var að snúast. Í stuttu máli þá tókust bæði mótin

mjög vel – svo vel að eftir því var tekið og bættu Sprettar enn einni rósinni í hnappagatið. Þá skemmdi veðurbliðan ekki stemmninguna sem var einstaklega góð alla mótisdagana. Hvorki meira né minna en um 50 sjálfbóðaliðar voru kallaðir til verka og var einstaklega ánægjulegt að upplifa kraftinn og jákvæðnina hjá félagsmönnum gagnvart þessu risa verkefni. Þá er ljóst að svæðið okkar í Spretti hefur sannað sig sem eitt besta mótssvæði landsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir